



Þrándheimi, 22. október 2019

Nefndarsvið Alþingis,

Alþingi við Austurvöll.

Sent í tölvupósti til: nefndasvid@althingi.is

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt. 150. löggjafarþing 2019 — 2020, 32. mál.**

Umsagnaraðili er prófessor í vistfræði við Háskóla Íslands og hefur um okkurt skeið sinnt rannsóknum á vistfræðilegum ferlum á afréttum á hálendi Íslands á mismunandi hnignunarstigi (sjá t.d. Marteinsdóttir og fl. 2017 og Barrio og fl. 2018) og og situr auk þess í faghóp GróLindar. GróLind er nýlegt vöktunarverkefni á vegum Landgræðslu ríkisins sem ætlað er að meta og fylgjast með ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins og þróa sjálfbærni viðmið fyrir nýtingu.

Fyrir stuttu var athygli mín vakin á ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Ég vil fagna þeirri endurskoðun á gæðastýringu í sauðfjárrækt sem þar er boðuð. Eins og fram kemur í greinargerð ályktunarinnar og enn frekar í nýlegum skrifum Ólafs Arnalds, prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands (Ólafur Arnalds 2019), þá er alvarlegur misbrestur á framkvæmd hennar í dag. Við endurskoðun gæðastýringarinnar vil ég hvetja sérstaklega til að að stuðst verði við nýjustu rannsóknir, að tryggt verði að hugtakið „sjálfbær landnýting“ sé rétt túlkað og að lagaramminn tryggi fullkomið gagnsæi. Svo er ekki í dag eins og dæmin sanna og í því sambandi vitna ég til ofangreindrar úttektar Ólafs Arnalds á gæðastýringarkerfinu og greinar hans sem birt var á alþjóðlegum vettvangi um sama efni (Arnalds 2019).

Virðingarfyllst,

Dr. Ingibjörg Svala Jónsdóttir,

Prófessor í vistfræði

Heimildir:

Arnalds, Ó 2019. Development of perverse environmental subsidies for sheep production in Iceland. *Agricultural Science*, 10: 1135-1151.

Barrio IC, Hik DS, Thórsson J, Svavarsdóttir K, Marteinsdóttir B, Jónsdóttir IS (2018). The sheep in wolf's clothing? Recognizing threats for land degradation in Iceland using state-and-transition models. *Land Degrad Dev.* 2018;1–12. <https://doi.org/10.1002/ldr.2978>

Marteinsdóttir, B., Barrio, I.C. and Jónsdóttir, I.S. (2017). Assessing the Ecological Impacts of Extensive Sheep Grazing in Iceland. *Icelandic Agricultural Sciences* 30: 55-72.

Ólafur Arnalds 2019. Á röngunni. Alvarlegir hnökrar við framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt. *Rit Lbhí* 118.